

102. Stjórnarfundur Kraftlyftingasambands Íslands.

102. stjórnarfundur Kraftlyftingasambands Íslands var haldinn á skrifstofu sambandsins 27.maí 2019 og hófst kl. 17.00.

Mættir: Guðbrandur, Auðunn, Aron, Þórunn og Gry.

Forfallaðir: Inga María og Alex

Greiðsla einstaklingsstyrkja og samningar við ASJ

Samningur við ASJ um styrk 2019 verður undirritaður sem fyrst. Samkvæmt samningnum verða greiddir einstaklingsstyrkir upp á 1.500.000 til Júlíans og Fanneyjar og 1.000.000 til Huldu, Viktors og Sóleyjar. Styrkurinn verður greiddur til þeirra eftir greiðslufyrirkomulag b – greiðslu á móti kvittunum fyrir íþróttalegan kostnað.

Kostnaður vegna mótapáttöku, s.s. flugmiða og hótulgistinga verður greiddur af þessum styrkjum.

Farið var yfir greiðsluplanið samþykkt 24.mars og leiðrétt fyrir seinni hluta árs.

Ákveðið var að fella niður aukagreiðslu vegna mótapáttöku til þeirra sem fá einstaklingsstyrki. Sá styrkur verður nefndur Hvatningastyrkur og greiddur samkvæmt stjórnarsamþykkt 24.mars til þeirra sem EKKI fá einstaklingsstyrki.

Gry gengur frá undirritun samnings við ASJ

Gry ræðir við Fanney um fyrirkomulag á hennar greiðslum

Gry og **Alex** ganga frá samningum við einstaklingana miðað við þessar ákvarðanir. Miðað verður við samningstextann frá ASJ um einstaklingsstyrki.

Styrkjamál

Guðbrandur og **Þórunn** fínþússa kynninguna og ítreka að allur styrkur renni beint til íþróttamanna

Guðbrandur heldur áfram með málið og athugar með liðstyrk að norðan

ÍM í réttstöðulyftu - verðlaun

Að beiðni mótshaldara var samþykkt að veita verðlaun eftir þyngdarflokkum í stað stigagjafa á Íslandsmeistaramótinu í réttstöðulyftu í júlí.

Afreksstefna KRAFT

Nauðsynlegt er að endurskoða afreksstefnu fyrir formannafundinn í nóvember. Ákveðið að ágústfundur stjórnar verði helgaður þessu verkefni.

Stjórn ákvað að taka fundarhlé í sumar.

Að öllu óbreyttu verður næsti fundur í ágúst, en stjórn og nefndir munu vinna sín verk og eiga samskipti gegnum tölvupósti og síma.

Fundi slitið kl. 18.10

Fundaritari: Gry Ek